



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

6. tbl. ágúst 2014



## Meðal efnis:

Lestrarnám og læsi	3
Hvítbók um umbætur í menntun	4
Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum	7
Lögheimilisskráning	12
Ályktun um gerð landsskipulagsstefnu	14



Skólamálanefnd 2010-2014. Frá vinstri Helga Guðmundsdóttir, Gunnar Einarsson, Svandís Ingimundardóttir, skólamálafultrúi sambandsins, Gunnar Gíslason, Kristín Hreinsdóttir og Ragnar Þorsteinsson.

## Síðasti fundur skólamálanefndar

12. ágúst sl. hélt skólamálanefnd sambandsins sinn síðasta fund með núverandi fulltrúaskipan.

Skólamálanefnd var skipuð árið 2005 í kjölfar beiðni fulltrúa á fyrsta skólapingi sambandsins. Nefndin var skipuð þremur forsvarsmönnum fræðslumála, hverjum úr sínu sveitarfélaginu, þeim Gerði G. Óskarsdóttir, þáv. fræðslustjóra í Reykjavík, Gunnari Einarssyni, þáv. formanni fræðslusviðs Garðabæjar, og Gunnari Gíslasyni, fræðslustjóra Akureyrarkaupstaðar. Fljótlega var ákveðið að fjölga fulltrúum í fjóra og kom

Kristín Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands inn í nefndina í upphafi árs 2006. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga árið 2010 urðu allar ráðgefandi nefndir sambandsins fimm manna. Þá tók Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi á Fljótshéraði, sæti í nefndinni sem þannig hefur verið skipuð síðan, að því frátöldu að Karl Frímansson leysti Gunnar Gíslason af í námsleyfi veturinn 2012-2013.

Sambandið færir skólanefndarfulltrúum bestu þakkir fyrir mikið og gott starf á umliðnum árum.

# SKÓLAMÁL

## Opinn fyrirlestur um lestrarnám og læsi

Þann 27. ágúst sl. var haldinn opinn fyrirlestur í Norðurljósasal Hörpu undir yfirskriftinni „We were never born to read: The Story and Sience of the Reading Brain“.

Fyrirlesturinn var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Samband íslenskra sveitarfélaga. Fyrirlesturinn flutti bandarískur sérfræðingur um taugafræðilegar forsendur lesturs, dr. Maryanne Wolf, prófessor við Tufts University í Noston og forstöðumaður lestrar- og tungumálarannsóknarstöðvar innan sama háskóla.

Fyrirlesturinn var tekinn upp og er aðgengilegur á vef ráðuneytisins. Þar var einnig hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá fyrirlestrinum.



## „Hvað fékkstu á prófinu?“

– málþing sambandsins um skólamál 8. september 2014



Málþing sambandsins um skólamál verður haldið 8. september á Grand hóteli í Reykjavík undir yfirskriftinni „Hvað fékkstu á prófinu?“ Eins og heitið gefur til kynna verður sjónum beint að námsárangri í leik- og grunnskólum og munu 9 valinkunnir aðilar halda erindi í því skyni. Dagskrá málþings, ásamt yfirliti erinda, er aðgengileg á [vef sambandsins](#) og opnað hefur verið fyrir skráningu á sömu síðu.

# Hvítbók um umbætur í menntun

## Hvítbók um umbætur í menntun

Þann 18. júní sl. gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út Hvítbók um umbætur í menntun.

Í inngangi hvítbókarinnar segir að í henni sé fjallað um núverandi stöðu íslenska menntakerfisins og á grundvelli þeirrar greiningar séu lögð fram drög að áherslum og aðgerðum. Segir jafnframt að tilgangur hvítbókarinnar sé aðallega að skapa grundvöll til umræðu og aðgerða til úrbóta í menntamálum á Íslandi.

Í bókinni eru sett fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018:

Í fyrsta lagi að *90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, en hlutfallið er nú 79%.*

Til að ná þessu markmiði er meðal annars lagt til að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn í viðmiðunarstundaskrá

aðalnámskrár grunnskóla. Einnig verði mótuð viðmið um þá lestrarkunnáttu sem nemendur eiga að búa yfir á hverju stigi grunnskólans, og að lesskilningur verði mældur reglulega allt frá leikskólastigi til loka grunnskóla.

Í öðru lagi er sett það markmið að *hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma hækki úr 44% upp í 60%.*

Þessu markmiði verði náð með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar. Lagt er til að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma og jafnframt verði unnið að styttingu starfsnáms.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið bauð fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga á kynningarfund um hvítbókina 25. júní sl. Fundurinn var að mati fulltrúa sambandsins góður og upplýsandi. Var þar rætt um megináherslur hvítbókarinnar og hvernig ráðuneytið áætla að skipuleggja þá vinnu sem fram fer til að útfæra nánar leiðir að þeim markmiðum sem þegar hafa verið sett. Fulltrúar sambandsins lýstu m.a. á fundinum eindregnum vilja til að koma að þeirri vinnu.

Sambandið sendi ráðuneytinu [umsögn](#) um hvítbókina auk [fylgiskjals](#) 21. ágúst sl. Sambandið lýsir sig þar sammála þeim tveimur markmiðum sem sett eru en „telur

# SKÓLAMÁL

mikilvægt á að það verði haft að leiðarljósi, í þeirri vinnu sem framundan er, að úrbætur á veikleikum skólakerfisins verði ekki gerðar á kostnað styrkleika þess. Þá leggur sambandið áherslu á að nú verði gerð

raunhæf og framkvæmanleg aðgerðaáætlun sem verði fjármögnuð í samræmi við vandað kostnaðarmat á þeim aðgerðum sem ráðast þarf í.“



## Fagráð í borginni til að efla lestrarfærni og lesskilning

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 20. ágúst að setja á fót fagráð um leiðir til að efla lestrarfærni og lesskilning barna og ungmenna í skólum borgarinnar. Ráðið mun taka mið af því markmiði í samstarfssáttmála nýs meirihluta borgarstjórnar, að allur þorri barna í Reykjavík geti lesið sér til gagns

á fyrstu árum grunnskólans og er því m.a. ætlað að benda á árangursríkar aðferðir í lestrarkennslu og námi, sem studdar eru fræðilegum rökum. Formaður ráðsins verður dr. Freyja Birgisdóttir, dósent við menntavísindasvið HÍ. Frekari upplýsingar um hlutverk fagráðsins, verkefni þess og forsendur má finna á [vef Reykjavíkurborgar](http://vef.Reykjavikurborgar.is).

# SKÓLAMÁL

## Umsóknir um námsleyfi kennara og skólastjórnenda

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2015–2016. Námsleyfasjóður starfar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og geta félagsmenn í Félagi grunnskólakennara

og Skólastjórafélagi Íslands, sem uppfylla skilyrði skv. [4. gr. reglna um Námsleyfasjóð](#), sótt um í sjóðinn.

Samkvæmt 5. gr. reglna um Námsleyfasjóð er stjórn sjóðsins heimilt að auglýsa úthlutun til allt að þriggja forgangsverkefna og verja til þeirra allt að 1/3 hluta námsleyfa. Að þessi sinni hefur stjórn sjóðsins ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist:

- þróun kennsluhátta sem stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum í lestri/ stærðfræði
- kennslu nemenda af erlendum uppruna


Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2014.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Námsleyfasjóðs](#).



## Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn



sveitarstjórnunum.

Boðið verður upp á námskeið í öllum landshlutum frá miðjum október nk. í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa í

Á námskeiðinu verður farið yfir hin ýmsu hlutverk sveitarstjórnarmanna, s.s. stjórnunar- umboðs- og vinnuveitendahlutverk, og hvaða möguleika þeir hafa til að móta hlutverk sitt. Fjallað verður um ytra starfsumhverfi sveitarstjórna, þ.e. lagaramma sveitarfélaga og fjárhagslegt umhverfi þeirra og þróun og breytingar sem sveitarstjórnarmenn þurfa að vera meðvitaðir um.

Kynnt verða helstu stjórnþæki sem sveitarstjórn hefur yfir að ráða til að takast á við úrlausnarefni sín, s.s. fjárhagsáætlanir, kjarasamninga, skipulagsáætlanir og aðra mikilvæga stefnumótunar- og áætlanagerð. Fjallað verður um innra starfsumhverfi sveitarstjórna, þ.e. stjórnkerfi sveitarfélaga, málsmeðferðarreglur, réttindi, skyldur og ábyrgð sveitarstjórnarmanna. Loks verður fjallað um samstarf og samskipti, bæði pólitískt samstarf og samstarf við

starfsmenn, milli sveitarfélaga, við íbúa, frjáls félagasamtök og fjölmiðla.

Smári Geirsson og Svanfríður Inga Jónasdóttir, sem eiga að baki langa reynslu úr sveitarstjórnarmálum, munu skiptast á um að styra námskeiðunum. Sérfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga verða leiðbeinendur, auk þeirra.

Lögð verður áhersla á lifandi og virka umræðu og að þátttakendur fræðist ekki bara af stjórnendum og leiðbeinendum heldur líka af hvorum öðrum. Það er því mikilvægt að bæði þeir, sem eru að taka sæti í fyrsta sinn í sveitarstjórn, og þeir sem eiga reynslu að baki, taki þátt. Þátttaka allra fulltrúa í sveitarstjórn í námskeiðinu getur skapað sameiginlegan grunn til að byggja upp farsælt samstarf innan sveitarstjórnar.

### Önnur námskeið sem fyrirhuguð eru

Í undirbúningi eru námskeið á vegum sambandsins fyrir skólanefndir veturinn 2014 og fyrir félagsmálanefndir fljótlega eftir áramót í samstarfi við velferðarráðuneytið.

# STJÓRNSÝSLA


## Umsögn um fyrstu áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar

Sambandið hefur sent forsætisráðuneytinu umsögn um fyrstu áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar sem birt var í júní sl.

Lögfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa á undanförunum árum lagt umtalsverða vinnu í að koma á framfæri sjónarmiðum og áherslum sveitarfélaga í tengslum við störf stjórnlagaráðs

og umfjöllun á Alþingi um frumvarp til stjórnskipunarlaganna.

Þótt í áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar sem skipuð var í nóvember 2013 sé einungis óbeint fjallað um málefni sem snúa að sveitarfélögum þykir sambandinu rétt að koma á framfæri við nefndina ábendingum sem annars vegar snúa að





umfjöllunarefnum í áfangaskýrslunni og hins vegar að hugmyndum nefndarinnar um næstu umfjöllunarefni.

Í umsögninni er leitast við að lýsa afstöðu til sumra þeirra spurninga sem settar eru fram í áfangaskýrslunni. Jafnframt er athygli nefndarinnar vakin á því að þörf sé á ítarlegri ákvæðum í stjórnarskrá um stöðu og hlutverk sveitarfélaga og er í umsögninni vísað til tillagna stjórnlagaráðs um nýjan kafla í stjórnarskrá sem fjalla myndi um sveitarstjórnarstigið. Almenn er áréttuð sú afstaða að sá annmarki hafi verið á tillögum stjórnlagaráðs um ákvæði mannréttindakafla frv. til stjórnskipunarlag

að þær hafi að geyma of ítarleg og jafnframt of óljós efnisákvæði, í stað þess að setja fram skýr og hnitmiðuð markmiðsákvæði.

Loks leggur sambandið áherslu á að hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni, sem haft geta áhrif á sveitarfélögin, verði kostnaðarmetnar í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Í svo þýðingarmikilli vinnu sé eðlilegt að áhrif fyrirhugaðra breytinga verði metin þegar á vinnslustigi tillagna, sem auðveldar jafnframt samanburð ólíkra leiða sem til greina kunna að koma.

- [Fréttin á vef sambandsins.](#)

## Vegir og skipulag - leiðbeiningar



Vegagerðin gaf í maí 2014, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, út leiðbeiningar um vegi og skipulag. Um er að ræða uppfærslu á útgáfu frá því í desember 2007 en frá þeim tíma hafa verið sett ný skipulagslög og reglugerðir sem m.a. varða skipulag, hávaða og framkvæmdaleyfi. Í leiðbeiningunum er farið yfir helstu stoðgögn við skipulagsvinnu, skipulagsstigin þrjú og samráðsferli. Aftast í leiðbeiningunum má síðan finna leiðbeiningablöð.

Leiðbeiningarnar um vegi og skipulag má finna á [vef sambandsins](#).

# STJÓRNSÝSLA

## Nýsköpun er málið

Nýsköpun í opinberum rekstri hefur líklega aldrei verið mikilvægari en nú. Ríki og sveitarfélög um allan heim standa frammi fyrir risavöxnum áskorunum vegna öldrunar íbúa og minnkandi skatttekna um leið og íbúar gera stöðugt meiri kröfur um þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Til að dæmið gangi upp verða opinberir aðilar að fara að hugsa út fyrir kassann og skapa nýjar aðferðir við að veita opinbera þjónustu. Opinber þjónusta þarf að verða samhæfðari og markvissari. Velferðarsamfélagið hefur ekki lengur efni á girðingum á milli stofnana og geira. Það þarf að skapa stjórnskipulag sem stuðlar að því að allir rói í sömu átt og íbúar þurfa að taka meiri ábyrgð á sér og sínum með heilbrigðari lífstíl og með því að taka meiri þátt í að móta og veita þjónustu. OECD hefur sett á laggirnar „Observatory of Public Sector Innovation“ til að hvetja opinbera aðila til nýsköpunar.

Á [vefsíðu þeirra](#) eru ýmsar upplýsingar um nýsköpun í opinberum rekstri og gagnabanki um nýsköpunarverkefni, m.a. um nokkur íslensk verkefni. Þar eru líka upplýsingar um áhugaverða ráðstefnu sem stofnunin stendur fyrir 12.-13. nóvember nk. í París undir yfirskriftinni „Innovating the Public Sector: From Ideas to Impact“.

Hér heima hafa ríkisstofnanir og sveitarfélög verið hvött til nýsköpunar með veitingu nýsköpunarverðlauna sem verða veitt í fjórða sinn 23. janúar nk. Nánari upplýsingar um það og nýsköpun hér á landi og erlendis á [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is).

OECD CONFERENCE

### INNOVATING THE PUBLIC SECTOR: FROM IDEAS TO IMPACT

12-13 November 2014, OECD Conference Centre, Paris

Using props to prototype a future hospital with patients, staff and architects

Crowdsourcing ideas from the public to identify ways to simplify the administration

Leveraging government data to develop solutions for flood victims and crime reduction

Creating a more dynamic, flexible workplace by giving staff control over when, where and how they work

OECD  
BETTER POLICIES FOR BETTER LIVES

The poster features a central graphic of two human profiles facing each other, with a lightbulb inside the head of the profile on the right. Arrows indicate a flow of ideas and information between the two profiles. The background is a mix of purple, blue, and green. The text is in white and yellow. The OECD logo is in the bottom right corner.

# ALÞJÓÐAMÁL

## Nýstárleg leið – Samfélagssirkus

Þessi frumlegi sirkus hefur vakið athygli að undanförnunni í Evrópu. Í ljósi þess að Ísland eignaðist sitt fyrsta sirkustjald í sumar er áhugavert að skoða hvað felst í fyrirbærinu, þ.e. hvernig sirkuslistir eru notaðar til að efla hópa sem eiga undir högg að sækja. Stundum er hópurinn börn og unglingar í vanda, t.d. í Frakklandi, en Finnar hafa jafnframt notað sirkusinn til að styrkja fjölda annarra samfélagshópa, s.s. vistmenn á elliheimilum, innflytjendakonur, fólk með fötlun og aðstoðarmenn þeirra o.fl.

Hugmyndafræðin byggir á því að flestir hafi gaman að sirkus. Börn og unglingar hafa gaman að sirkus og með því að læra sirkuslistir fá þau að reyna nýja hluti og þjálfalíkamann. Markvissar æfingar krefjast aga en jafnframt öðlast þátttakendur aukið sjálfsöryggi sem fylgir því að ná árangri og sýna listir sínar. Sirkusumhverfið er einnig uppörvandi og jákvætt. Þar má gera mistök því enginn verður fjöllistamaður án þess að fípast fyrst. Samfélagssirkus byggir á samstarfi og þar sem sirkuslistirnar eru svo fjölbreyttar (loftfímléikar, trúðar, töfrabrögð, gripl, húla o.fl.) þá finna allir eitthvað við sitt



hæfi. Í stað samkeppni þá byggir sirkusinn á samvinnu, og sérstöðu og hæfileikum hvers og eins til að úr verði einstök sýning sem gleður áhorfandann. Í Finnlandi hefur það sýnt sig að vistmenn á elliheimilum njóta þess að taka þátt og samfélagssirkus getur bætt samskipti, hreyfigetu og létt lund bæði vistmanna sjálfra og starfsfólks. Sama á við um fólk með fötlun og aðstoðarmenn þeirra. Einnig hefur samfélagssirkus verið nýttur til að efla tengsl milli fjölskyldumeðlima.

Nánari upplýsingar um samfélagssirkus

- [Finnskur samfélagssirkus](#)
- [Samfélagssirkus í Frakklandi](#)
- [Skýrsla um samfélagssirkus og velferð](#)
- [Evrópskt samfélagssirkusverkefni](#)
- [Samfélagssirkusverkefni Cirque du Soleil](#)
- [Sýning TEVA samfélagssirkusins í Frakklandi](#)



## Lögheimilisskráning - áhrif á fjárhagsaðstoð o.fl.

Lögfræði- og velferðarsvið hefur fengið nokkrar fyrirspurnir frá sveitarfélögum sem varða ranga skráningu lögheimilis sem svo leiðir til þess að ákvarðanir um greiðslur eða ívilnanir til einstaklinga verða ekki í samræmi við rétt viðkomandi samkvæmt lögum og reglum.

Það kann að vera staðan að einstaklingar sem búa saman en eru ekki skráðir í sambúð og ekki með lögheimili á sama stað fá fjárhagsaðstoð og/eða ívilnanir (t.d. afslætti af leikskólagjöldum) sem einstaklingar. Sé sveitarfélagi kunnugt um eða hefur ástæðu til að ætla að skráning

# FÉLAGSPJÓNUSTA

Lögheimilis sé ekki rétt er möguleiki að senda til Þjóðskrár svokallaða „[þriðja aðila tilkynningu](#)“:

Ferlið í þeim tilvikum er að send er tilkynning til Þjóðskrár sem svo sendir viðkomandi einstaklingum bréf og upplýsir um fram komna tilkynningu, veitir frest til andmæla og tekur svo ákvörðun. Þriðja aðila tilkynningar geta leitt til breytinga á þjóðskrárupplýsingum eftir að skoðun og rannsókn hefur farið fram. Málsmeðferð í þessum tilvikum getur oft verið tímafrek vegna þess að gæta þarf að rétti einstaklingsins samkvæmt stjórnslutölum áður en ákvörðun um breytingu er tekin og sú ákvörðun er kæránleg til innanríkisráðuneytisins.

Ef sveitarfélag er að inna af hendi greiðslur til einstaklings, sem grunur leikur á að sé ekki búsettur þar sem lögheimili hans er skráð og slíkt hefur áhrif á rétt til greiðslna, er eðlilegt að beina erindi þess efnis til hans og óska eftir skýringum. Það er hluti af ábyrgri fjármálastjórn að sveitarfélög gæti að því að skilyrði fyrir greiðslum séu uppfyllt. Hvað varðar aðrar greiðslur, t.d. frá Tryggingastofnun, þá væri hægt að beina tilkynningu til Þjóðskrár um það og þá fer málið í ferli innan þeirrar stofnunar. Eins er gert ráð fyrir möguleika á tilkynningum á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins og þá fara málin í ferli hjá eftirlitsdeild stofnunarinnar.



# Ályktun skipulagsmálanefndar um gerð landsskipulagsstefnu

Skipulagsmálanefnd sambandsins fundaði 25. ágúst sl. Helsta mál fundarins var umfjöllun um fund samráðsvettvangs um gerð landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026, sem haldinn var 15. ágúst sl. en á fundinum var verkefnið að fjalla um sviðsmyndagreiningu og drög að umhverfismati valkosta.

Skipulagsmálanefnd telur m.a. ástæðu til að gagnrýna að undirbúningsgögn og kynningar á fundinum hafi ekki tekið nægilega mikið mið af því hvert er lögbundið

hlutverk landsskipulagsstefnu. Þá hafi það háð umræðu á fundinum að valkostir í sviðsmyndagreiningu og fyrir umhverfismat voru ekki jafn margir fyrir alla málefnaþópa. Þar sem valkostir hafi bara verið tveir hafi framsetning valkosta ekki verið nægilega sanngjörn gagnvart núverandi fyrirkomulagi skipulagsmála í sveitarfélögum, því núverandi ástandi hafi verið stillt upp sem lakari kostinum af tveim mögulegum. Við tillögugerð ætti frekar að horfa bæði til þess sem vel er gert hjá sveitarfélögunum og hvar þörf er á úrbótum.



# SKIPULAGSMÁL

Skipulagsmálanefnd samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Skipulagsmálanefnd leggur áherslu á að við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026 verði tekið tillit til sjónarmiða fulltrúa sveitarfélaga á samráðsfundi sem haldinn var 15. ágúst 2014, m.a. um að:

1. Í valkostagreiningu Skipulagsstofnunar og drögum að umhverfismati er fjallað um mjög mörg atriði sem ekki falla undir 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Slík atriði, þar sem horft er til þróunar í skipulagsmálum á undanförunum árum og áratugum, geta orðið efniviður í gagnlegar ábendingar eða leiðarljós fyrir sveitarstjórnir við gerð skipulagsáætlana en ættu hins vegar almennt ekki að kalla á að settar verði fram tillögur um bindandi stefnumörkun í landsskipulagsstefnu.
2. Lögð verði áhersla á að setja fram í tillögu að landsskipulagsstefnu fáar en markvissar tillögur um atriði sem raunverulega kalla á nýja stefnumörkun af hálfu hins opinbera eða samræmingu á áætlunum ríkisins og eftir atvikum lagabreytingar. Mikilvægt er að tillögum verði jafnframt

forgangsraðað eftir mikilvægi þeirra. Allar tillögur verði kostnaðarmetnar og þær fjármagnaðar til að tryggja verði að unnt reynist að hringa þeim í framkvæmd á því tímabili sem landsskipulagsstefnan nær til.

3. Með tilliti til forsögu málsins leggur skipulagsmálanefnd áherslu á að ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu leggi mat á allar tillögur áður en þær verði settar fram og að bæði Skipulagsstofnun og ráðgjafanefnd gæti þess að tillaga að landsskipulagsstefnu feli ekki í sér skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Jafnframt vísar nefndin til [umsagnar sambandsins frá 21. nóvember 2012](#) varðandi frekari áherslur við tillögugerð um landsskipulagsstefnu.

Bókun skipulagsmálanefndar verður til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar sambandsins sem haldinn verður um miðjan september.



## Breytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga



Rut Steinsen, sem verið hefur lánastjóri hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. hefur látið af störfum hjá lánasjóðnum

og hverfur til Frakklands í meistaranám í fjármálum. Rut hefur verið starfsmaður sjóðsins frá haustinu 2008 og er henni þakkað fyrir gott samstarf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í hennar stað hefur verið ráðin Svava G. Sverrisdóttir. Svava er menntaður viðskiptafræðingur með meistaragráðu í hagfræði og fjármálum, auk þess að vera löggiltur verðbréfamiðlari. Svava hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1996. Hún hefur gegnt störfum í greiningardeild Glitnis banka, sem sjóðsstjóri hjá Landsbréfum og Stöfum lífeyrissjóði og verið framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. Af menntun og störfum sínum þekkir Svava vel til starfsemi lánasjóðsins og skuldabréfamarkaðar almennt og er hún boðin velkomin til starfa.



*Svava Sverrisdóttir og Rut Steinsen verðandi og fráfarandi lánastjórar hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.*



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2014/22

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*